

Fundargerð háskólaráðs

300. fundur daginn 28. febrúar 2011 kl. 12.15 – 15.00
fundaherbergi 402, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.40.

Mættir voru auk hans:

Sveinn Arnarsson fulltrúi nemenda
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir: Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA
Daníel Freyr Jónsson verkefnastjóri prófa og fjarkennslu við HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

1008037

Rektor bar upp fundargerðina og var hún samþykkt.

2. **Fundir háskólaráðs, umræður og bókanir, trúnaður**

Umræðu um málið lauk þannig:

- fundarmenn taka fram ef þeir óska eftir að ummæli sín séu bókuð
- fundarmenn vitna í umræður á háskólaráðsfundum utan fundanna aðeins á almennan hátt og/eða vitni til eigin ummæla, ekki annarra

Rektor þakkaði fulltrúa nemenda fyrir að taka málið upp til umræðu.

3. **Reglur um námsmat**

1008064

Daníel Freyr kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Hann gerði grein fyrir breytingum á reglum um námsmat sem samþykktar voru í gæðaráði 27. janúar 2011. Síðan svaraði hann spurningum fundarmanna.

Háskólaráð samþykkti breytingarnar. Reglur um breytingar á reglum um námsmat nr. 885/2009 taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindunum.

Rektor þakkaði Daníel fyrir og fór hann af fundinum.

4. **Dómnefndarálit, Kristinn P. Magnússon**

1010017

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Bragi kynnti dómnefndarálitið. Sagði hann frá að athugasemd við álitnið hefði borist frá Kristni, og að dómnefndin hefði brugðist við henni. Heildarniðurstaðan er að Kristinn er hæfur til að gegna stöðu prófessors við Háskólann á Akureyri.

Handwritten notes in blue ink:

ASB.
KID
SK

5. Dómnefndarálit, Markus Meckl

1009018

Bragi gerði grein fyrir dómnefndarálitinu. Heildarniðurstaðan er að Markus er hæfur til þess að gegna starfi dósents við Háskólann á Akureyri.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum. Háskólaráð staðfesti bæði dómnefndarálitin einróma.

Umræða var um þá þætti sem liggja til grundvallar framgangsmati, einkum hvort og hvernig stuðst er við námskeiðsmat. Rektor sagði frá því að árlegt vinnumat kennara við HA og HÍ hefur verið samræmt. Stefnt er að því að grunnmat og framgangsmat verði að öllu leyti unnið á sambærilegan hátt hjá háskólunum tveim. Sú samræming á að nást á árinu.

6. Skipun í vefstjórn HA

1101010

Háskólaráð samþykkti einróma tillögu rektors að skipun nýrrar vefstjórnar 2011-2014. Vefstjórn skipa:

Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsingasviðs

Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, formaður

Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi

Stefán Jóhannsson sérfræðingur í upplýsingatækni, vefstjóri

Lára ósk Garðarsdóttir skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs, fulltrúi

fræðasviðanna. Skrifstofustjórar fræðasviðanna munu sitja í vefstjórn eitt ár hver.

Rektor minnti á að við það að taka upp sameiginlegt upplýsingakerfi HA og HÍ skapast tækifæri til að efla ytri og innri vef háskólans enn frekar.

7. Ráðning sérfræðinga við HHA

1012102

Rektor greindi frá tveim umsóknum um stöður við Heilbrigðisvísindastofnun HA, sem er samstarf háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri. Umsækjendur eru Alexander Smárason og Þorvaldur Ingvarsson. Báðir hafa gegnt stöðunum undanfarin ár. Um er að ræða ólaunaðar stöður.

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að ráðningu Alexanders og Þorvalds í stöðurnar.

8. Háskólaalmanak HA 2011-2012

"[málsnúmer]"

Rektor lagði fram háskólaalmanak HA 2011-2012 og gerði grein fyrir því.

Fram kom sú ábending að tæknimenn fá mjög lítinn tíma til að undirbúa kennslustofur eftir áramót þar sem kennsla hefst þriðja janúar. Rektor óskaði eftir að gæðaráði yrði sent erindi um málið.

Háskólaráð samþykkti háskólaalmanakið.

9. Breytt námsframboð í auðlindaeild

Rektor greindi frá að breytt námsframboð hefur verið kynnt í nýjum bæklingi HA. Hjörleifur sagði frá helstu breytingunum. Nú býðst nemendum tveggja ára nám í almennum náttúruvísindum og auðlindafræði sem lýkur með diplóma. Nemendur geta svo valið sér sértækt nám til BS gráðu, í HA eða öðrum háskólum. Einnig kemur til greina að velja saman námskeið úr HA og öðrum háskólum. Nám til BS


SOS
57
A
H

gráðu í samstarfi við Háskólann á Hólum er í undirbúningi, og einnig
meistaránám á þessu sviði.
Ekki verða teknir inn nýir nemendur í umhverfis- og orkufraeði 2011-2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.



Ólafur Jónsson.



Jóna Jónsdóttir

Sveinn Þorvaldsson.